

Nd.

515. Breytingartillögur

[181. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „Samgöngumálaráðherra“ komi: Samgöngumálaráðuneytið.
2. Við 3. gr.
  - a. Fyrsta málsgr. orðist þannig:

Hafnamálastofnun ríkisins hefur yfirumsjón með hafnarframkvæmdum, sem styrktar eru samkvæmt lögum þessum. Sé um að ræða hafnarframkvæmdir, sem styrktar eru samkvæmt 1. tölulið 6. gr. laganna, getur hafnamálastofnunin ákveðið, að hún annist framkvæmdirnar.
  - b. Þriðja málsgr. falli niður.
3. Við 4. gr. Á eftir orðinu „dráttarbrautir“ komi: þurrkvíar, kranar.
4. Við 5. gr.
  - a. Við 5. tölul. Orðin „eins og nauðsyn ber til“ o. s. frv. til loka tölul. falli niður.
  - b. Á eftir 7. tölulið komi nýr tölul., svo hljóðandi:

8. Heimilt er þó að veita ríkisábyrgð vegna hafnarframkvæmda, þótt eigi sé veittur til þeirra styrkur úr ríkissjóði.
  - c. Síðari málsgr. falli niður.
5. Við 6. gr.
  - a. 1. tölul. orðist svo:

75% stofnkostnaðar hafnargarða (öldubrjóta), þótt þeir nýtist til viðlegu, dýpkana á aðalsiglingaleið að og frá höfn og á hafnarsvæði innan marka, sem ákveðin eru af ráðuneytinu, þó ekki að bryggjum annarra en hafnarsjóðs.
  - b. Orðin „Allt að“ í 2. tölul. falli niður.
6. Við 7. gr. Við greinina bætist: nema slík lán hafi verið tekin út á kostnaðarhluta ríkissjóðs í framkvæmdinni.
7. Við 8. gr. Greinin orðist þannig:

Heimilt er að veita ríkisábyrgð á lánnum vegna hafnargerða allt að jafnhárrí þeirri upphæð, sem hafnarsjóður á að leggja fram.
8. Við 10. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Ráðherra leggur áætlunina fyrir sameinað Alþingi til leiðbeiningar varðandi fjárútteganir og framkvæmd þessara mála.
9. Við 11. gr.
  - a. Í stað orðanna „Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans“ komi: Sveitarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans samkvæmt tillögum hafnarstjórnar.
  - b. Niður falli síðasti málsgr. greinarinnar.
10. Við 12. gr. Á eftir orðunum „árlegan reksturskostnað hafnar“ í 1. málsgr. bætist: eða í þágu hafnarinnar.
11. Við 13. gr. Við 1. málsgr. bætist orðin: eða í þágu hennar.
12. Við 14. gr. Orðin „til staðfestingar“ falli niður.
13. Við 16. gr. Síðari hluti greinarinnar, á eftir orðunum „nægi ekki til að greiða kostnaðinn“ orðist svo:

Rísi ágreiningur milli hafnarstjórnar og hafnamálastjóra út af ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr. Skal þá óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum, sem deilt er um, fyrr en úrskurður ráðherra hefur verið kveðinn upp.
14. Við 19. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:

Fé hafnabótasjóðs má ráðstafa á eftirfarandi hátt, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.
15. Við 20. gr. 2. tölul. falli burt. 3. tölul. verði 2. tölul.
16. Við 25. gr. Á eftir orðunum „og getur það þá breytt gjaldskrá reglugerðar“ komi: hjá þeim höfnum, sem í vanskilum eru við ríkisábyrgðasjóð.
17. Við ákvæði til bráðabirgða. Orðin „til að gilda“ falli niður.